

## 6. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1986 er veitt:

Pús. kr.

00	Æðsta stjórn ríkisins . . . . .	42.202
01	Forsætisráðuneyti . . . . .	38.113
02	Menntamálaráðuneyti . . . . .	920.390
03	Útanríkisráðuneyti . . . . .	85.239
04	Landbúnaðarráðuneyti . . . . .	403.695
05	Sjávarútvegsráðuneyti . . . . .	65.557
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti . . . . .	349.548
07	Félagsmálaráðuneyti . . . . .	93.289
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti . . . . .	1.028.532
09	Fjármálaráðuneyti . . . . .	95.629
11	Iðnaðarráðuneyti . . . . .	4.973.525
12	Viðskiptaráðuneyti . . . . .	490.638
13	Hagstofa Íslands . . . . .	2.299
14	Ríkisendurskoðun . . . . .	1.181
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun . . . . .	117.308
	Samtals	8.707.145

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.***Steingrímur Hermannsson.****Guðrún Helgadóttir.**  
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.***Ólafur Ragnar Grímsson.*

## L Ö G

**um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,  
með síðari breytingum**

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er Tryggingastofnuninni, þegar ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys, að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að sjúklingur gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra

staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og elli- og örorkulífeyrir. Um tekjutryggingu og aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Guðrún Helgadóttir.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Guðmundur Bjarnason.*

## L Ö G

**um breyting á tollalögum, nr. 55/1987.**

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr tölulíður svohljóðandi:

15. Egilsstaðir.

2. gr.

1. mgr. 79. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkflugvelli, Keflavíkflugvelli, Akureyrarflugvelli, Saudárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutninga milli landa. Birðir þeirra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.*

**Steingrímur Hermannsson.**

**Guðrún Helgadóttir.**  
(L. S.)

**Guðrún Erlendsdóttir.**

*Ólafur Ragnar Grímsson.*